

# KJARVAL

---

Hugur og heimur  
*Mind and World*



Kjarvalsstaðir eru vettvangur þar sem list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals hefur verið kynnt með ýmsu móti frá því húsið var opnað árið 1973. Á þessum árum hafa verið gerðar margvíslegar rannsóknir á list hans og veigamiklum hlut hans í íslenskri listasögu. Fjölmörg listaverka Kjarvals eru vel þekkt en ætíð er tækifæri til að endurnýja kynnin útfrá nýjum viðhorfum og því ólíka samhengi sem tímans rás færir verkunum. Viðhorf manna til listar taka breytingum jafnframt því sem umfjöllunarefni Kjarvals hljóta stöðugt nýtt vægi í samhengi hvers tíma. Sem dæmi má nefna túlkun hans á íslenskri náttúru og þá næmu náttúruskynjun sem lesa má úr verkunum. Upplifun manna af túlkun hans á landinu hlýtur að vera háð ólíku virði þess í huga hvers og eins. Er virðið fólgið í fegurðinni fegurðarinnar vegna, í duldu lífi sem í henni býr, í möguleikum okkar á að nýta náttúruna eða í þeim hverfulleika sem mörgum finnst blasa við nú á tímum loftslagsbreytinga? Hver og einn upplifir verkin á eigin forsendum útfrá ríkjandi tíðaranda og persónulegri sýn.

Á sýningunni *Hugur og heimur* eru málverk og teikningar frá öllum ferli Kjarvals. Við val á verkum var sjónum beint að verkunum sjálfum, viðfangsefnum sem blasa við og þeim heimi lita og forma sem verkin birta. Í austursal Kjarvalsstaða má greina tvö megin-viðfangsefni listamannsins, landið annars vegar og fantasíuna hins vegar, og síðan samruna þessara tveggja þátta í litaflaði þar sem mætast land og loft. Leitast er við að draga fram kjarna í listsköpun Kjarvals, kjarna sem byggist á því sem hugurinn nemur. Í vestursal eru listaverk úr einkasafni sem Ingibjörg Guðmundsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson, sem kenndur var við Síld og fisk, létu eftir sig. Safneign þeirra hjóna endurspeglar góðan smekk og ríkjandi tíðaranda. Listaverk og listaverkasöfnun var hluti af daglegu lífi þeirra og er með þeim hætti dæmi um viðtökur við því sem hugur listamannsins skóp. Hluti af einkasafni þeirra er *Lífshlaupið*, myndverk sem Kjarval vann á veggi vinnustofu sinnar. Verkið birtir að sönnu margar þær táknmyndir sem finna má í verkum Kjarvals frá ýmsum tímum en jafnframt er það heimur sem listamaðurinn skóp sem umgjörð vinnu sinnar og daglegs lífs.

Það er mikill fengur fyrir Listasafn Reykjavíkur að fá tækifæri til að kynna fyrir gestum safnsins verk Kjarvals úr eigu þeirra Þorvaldar og Ingibjargar. Erfingjum þeirra er þakkað lán á verkunum sem eru varðveitt í Gerðarsafni í Kópavogi.

Mörg verka Kjarvals eru Íslendingum vel kunn. Hér gefst tækifæri til nýrra kynna þar sem samband listamannsins við heim lita og forma er leiðarljós að þeim margslunga heimi sem listamaðurinn skóp með stöðugri vinnu og mikilli æfingu, æfingu sem vissulega snýst um að ná sífellt betri tókum á tækni myndlistarinnar en ekki síður um að þjálfra sína innri sjón.



*Kjarvalsstaðir is a space where the art of Jóhannes Sveinsson Kjarval, in whose honour it is named, has been presented in diverse ways since it opened in 1973. In that time extensive research has been carried out on his art and his important place in Icelandic art history.*

*Many of Kjarval's works are familiar, but opportunities are welcome to renew the acquaintance from different perspectives, and in the context of time passing. Attitudes to art evolve, and Kjarval's subjects constantly acquire new significance in the context of the subjects of each time – for example his interpretation of Icelandic nature, and the sensitivity to nature conveyed by his works. Observers will respond differently to Kjarval's interpretation of Icelandic nature, reflecting individual values. Does the value lie in beauty for its own sake, in the hidden life within it, in our potential for utilisation of nature, or in the transience many people foresee, due to climate change? Each person sees a work in his/her own way, according to the Zeitgeist and personal perspective.*

*The exhibition Mind and World comprises paintings and drawings from all periods of the artist's career. In selection of the works on display the focus was on the works themselves, their subjects, and the world of colours and forms manifested in them. In the East gallery the artist's two predominant subjects are seen: one the one hand the land, and on the other fantasy – followed by the combination of both factors in an airy flow of colours where land and air come together. The aim has been to bring out the essence of Kjarval's art – arising from what the mind perceives. In the West gallery are works from the private collection left by Ingibjörg Guðmundsdóttir and her husband, entrepreneur Þorvaldur Guðmundsson. The couple's collection reflects their good taste and the preferences of their time. Art, and collecting art, was a part of their daily life – and is hence an example of the reception of what the artist's mind had created. Among the works in their collection is Lífshlaupið (The Course of Life), painted by Kjarval on the walls of his studio. The wall painting includes many of the symbolic features which are characteristic of Kjarval's work – yet it is also a world created by the artist as a setting for his work and daily life.*

*The Reykjavík Art Museum is delighted to have the opportunity of displaying works by Kjarval from Þorvaldur and Ingibjörg's collection. We would like to thank their heirs for the loan of the works, which are in the keeping of Gerðarsafn – Kópavogur Art Museum.*

*Many of Kjarval's works are familiar to Icelanders. An opportunity is offered here to renew that acquaintance, guided by the relationship of the artist with the world of colour and form, as a way into the complex world created by the artist through untiring work and practice – practice which consisted not only in mastering artistic techniques, but also in training his inner eye.*

*Ólöf Kristín Sigurðardóttir, Director, Reykjavík Art Museum*

## Lífshlaupið

Kjarval málaði *Lífshlaupið* á veggi vinnustofu sinnar í Austurstræti 12 á árunum á milli 1929 og 1933. Vinnustofan var undir súð og þakti verkið alla veggfleti, ofna, gólflista og gólfflötinn að hluta og má ætla að verkið sé fyrsta tilraun íslensks listamanns til að vinna heildstætt rýmisverk. Vorið 1933 auglýsti Kjarval sýningu í vinnustofunni og var *Lífshlaupið* eina verkið sem sýnt var. Í verkinu má greina ýmis atriði sem koma afur og aftur fyrir í verkum Kjarvals. Þar eru landið og lífsbaráttan sýnileg um leið og greina má fantasíuna sem einkennir stóran hluta ævistarfs Kjarvals. Í *Lífshlaupinu* ber mikið á svart-hvítu tígulmunstri sem kallað hefur verið kúbísk myndgerð í verkum Kjarvals. Í blaðagrein sem birtist árið 1936 er *Lífshlaupinu* lýst sem verðmætasta veggfóðri á Íslandi og vísað til þess hvernig listin getur haldið verðgildi sínu þótt kauphallir og bankar falli. Á áttunda áratugnum voru verkin tekin niður og send til Danmerkur þar sem forverðir fóru um þau höndum. Veggirnir í risinu voru ekki í góðu ástandi, húsið hafði lekið og vatn skemmt verkin. Að lokinni viðgerð rataði verkið í eigu þeirra Þorvaldar og Ingibjargar.



Lífshlaupið í vinnustofu Kjarvals Austurstræti 12. *The Course and Life* in Kjarval's studio in Austurstræti 12, Reykjavík.

### The Course of Life

*Kjarval painted Lífshlaupið/The Course of Life on the walls of his studio at Austurstræti 12 in Reykjavík in 1929–33. The studio was an attic, and the painting covered all the wall surfaces, radiators, skirting boards and part of the floor; it may be seen as the first attempt by an Icelandic artist to create a complete work of spatial art. In 1933 Kjarval advertised an exhibition in his studio, in which The Course of Life was the only work shown. The work displays various features which are recurrent in Kjarval's art: landscape and working life are seen, along with the fantastical element which characterises much of his oeuvre. Black-and-white diamond patterns are prominent in The Course of Life – this has been called a Cubist feature in Kjarval's art. In a press article in 1936, The Course of Life is described as the most valuable wallpaper in Iceland – pointing out that art may retain its price when banks and stock market fail. In the 1970s the work was removed and sent to Denmark for conservation, as the walls were in poor condition and leaks had led to water damage. After the work's return to Iceland it was acquired by Þorvaldur and Ingibjörg.*

## Krítik

Kjarval málaði eitt af stórvirkjum sínum, *Krítik*, á árunum 1946–7. Verkið er margþætt og flókið og hægt að lesa á ýmsa vegu. Grunnstef þess virðist vera umfjöllun um tilvistarleg vandamál listamannsins, sem á lífsafkomu sína undir listinni, en þarf jafnframt að sæta stöðugri gagnrýni á verk sín í heimi þar sem efnið og andinn eiga í stöðugri baráttu.

Í verkinu má greina nokkrar andstæður. Maðurinn er málaður eftir lifandi fyrirmynd, og var það í fyrsta skipti frá námsárunum sem Kjarval fékkst við að mála nakinn mannslíkama á þennan hátt. Hann stingur í stúf við aðrar figúrur verksins sem eru tvívíðar, teiknaðar með hvítum útlínunum. Maðurinn er jarðbundinn og eins og hann hafi villst inn í draumkennda óreiðu þar sem allt er á hreyfingu. Hvít vera sveiflar svipu, þar dansar og verur með spjót stika áfram, teningur snýst í loftinu, fiskur spriklar í hendi mannsins sem samtímis virðist eiga fullt í fangi með að hindra að formin falli yfir hann. Táknmál verksins er flókið og persónulegt en finna má í því trúarlegar skírskotanir.

## Critique

*Kjarval painted one of his masterpieces, Critique, in 1946–7. Critique is a multi-dimensional and complex work that may be interpreted in various ways. Its fundamental theme appears to be the existential difficulties of the artist whose livelihood depends upon art, yet who also has to deal with constant criticism of his work in a world where the spiritual and the material are in perpetual conflict.*

*Critique embodies sharp contrasts. The male figure was painted from life – the first time Kjarval had painted a nude in this way since his student years. The figure is at odds with the other figures, which are two-dimensional, outlined in white. The prosaic male figure almost seems to have wandered by mistake into this chaotic dream-world where everything is in motion. A white being brandishes a whip, a couple dance, beings with spears march on, a dice spins in the air, and a fish squirms in the hand of the man, who at the same time appears to be struggling to prevent objects from falling on him. The symbolism of the piece is complex and personal with religious overtones.*

Krítik Critique, 1946–47, olía á striga, 213 × 402 cm



## Skjaldbreiður

Þingvellir eru tengdir nafni Kjarvals órofa böndum en allt frá því um 1930 kom hann þangað til að mála. Á síðari hluta sjötta áratugarins leitaði hann nýrra staða í nágrenni Þingvalla og málaði í Grafningi og á Hengilssvæðinu. Hann sló trönur sínar meðal annars niður í uppþornuðum árfarvegi í Grafningi, á látlausum stað sem við fyrstu sýn virðist ekki hafa upp á mikið að bjóða annað en grjót og rofabörð. Í þessum verkum er myndefni hans enn lágstemmdara en áður, fjölbreytileg form steinanna í moldinni og hinn smágeri gróður sem litkar jörðina. Forgrunnur myndanna er meginviðfangsefni hans en við sjónarrönd sést ýmist fjallið Skjaldbreiður eða Hengillinn. Skjaldbreiður hafði ávallt verið eitt af kærustu myndefnum hans og nú sýnir hann okkur fjallið á nýjan hátt í fjarlægð eins og það blasir við úr Grafningi.

### Mt. Skjaldbreiður

*The Þingvellir National Park is indissolubly linked with the name of Kjarval: from 1930 onwards he would regularly go there to paint, and continued throughout his career. In the late 1950s he looked for new places around Þingvellir, and started painting in the Grafningur and Hengill areas. He erected his easel, among other places, in a dried-up riverbed in Grafningur, in a low-key location which at first glance appeared to offer nothing but rocks and eroded soil. In these works his subjects are even more understated than before: the diverse shapes of the rocks in the earth, and the miniature foliage colouring the ground. The foreground of the pictures is his main subject, while on the horizon Mt. Skjaldbreiður is discernible in some of the paintings, Mt. Hengill in others. Skjaldbreiður had always been one of his favourite subjects, but now he shows us the mountain from a new perspective, at a distance, as it appears from Grafningur.*

Skjaldbreiður Mt. Skjaldbreiður, 1957–62, olía á striga, 204 × 154 cm







Skjaldmey *Shieldmaiden*, 1961, olía á stríga, 102 × 152 cm

### Skjaldmey

Verunar í fantasíuverkum Kjarvals tóku ýmsum breytingum í tímans rás. Hann dvaldist oft langdvölum úti í náttúrunni og talar um að sú dvöl hafi opnað honum huldheima sem síðan birtust í málverkunum, en einnig sótti hann hugmyndir í brunn þjóðtrúar og goðsagna. Kjarval persónugerði náttúruþyrirbæri í verkum eins og *Skjaldmey* frá 1961 þar sem meyjan, táknmynd fjallsins, svífur fyrir framan Skjaldbreið með sverð í annarri hendi og skjöld í hinni. Kvíkur líkami hennar er kvenlegur og grannur með langa, liðamótalaus útlími sem bylgjast um. Land og loft umhverfis veruna iða af óreiðukenndu lífi þar sem kvíkt línuspil virkjar myndflötinn og tengir saman alla þætti hans. Kjarval fléttar saman prófíla og ýmiskonar verur og dýr í fjölþætta heild þar sem mörkin á milli flatar og rýmis eru óræð. Margbrotnar hugmyndir endurspeglast í sagnaheimi hans; skjaldmey svífur fyrir framan fjallið Skjaldbreiði, loftandar og svipir sveima um.

### Shieldmaiden

*The creatures in Kjarval's fantastical works evolved in various ways over time. He spent long periods out in the open air, and he said that those times had opened his mind to the hidden worlds which were then manifested in his work. He also sought inspiration in folklore and mythology. In works such as *Shieldmaiden* painted in 1961, Kjarval personified natural phenomena: the shieldmaiden (*skjaldmey*) symbolises the mountain *Skjaldbreiður*, brandishing a sword in one hand while the other holds a shield. Her lithe body is slender and feminine with long, undulating limbs. The land and air around her pulsate with chaotic life, as a dynamic line activates the picture plane. Complicated ideas are reflected in his world of stories: the shieldmaiden floats in front of Mt. *Skjaldbreiður* among sprites and visages.*

Listasafn Reykjavíkur IIII  
Reykjavík Art Museum

# Kjarvalsstaðir

5. 2. – 21. 8. 2016

## Dagskrá

Leiðsögn á ensku alla föstudaga kl. 14

### Föstudag 5. febrúar

Safnanótt opið til kl. 24

### Sunnudag 14. febrúar kl. 15

Leiðsögn: Ólöf K. Sigurðardóttir og Axel Hallkell fjalla um gerð sýningarinnar

### Sunnudag 28. febrúar kl. 15

Sýningarstjóraspjall: Ólöf K. Sigurðardóttir

### Sunnudag 20. mars kl. 15

Leiðsögn: Fjallað um verkið Lífshlaupið

### Laugardag 2. apríl kl. 15–17

Málþing: listaverkasöfn og listaverkasafnarar. Meðal þátttakenda eru Kári Finnsson, listfræðingur og blaðamaður og Geirlaug Þorvaldsdóttir, sem segja mun frá söfnun foreldra sinna, Þorvaldar og Ingibjargar.

### Örsmiðjur fyrir fjölskyldur kl. 13–16

Dagana 26. og 27. febrúar og laugardagana 19. mars, 23. apríl og 21. maí. Leiðbeinandi er myndlistarmaðurinn Arnar Ásgeirsson.

### Námskeið um líf og list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals

7.–30. apríl, fjögur skipti.

Fyrirlesarar eru Kristín Guðnadóttir og Eiríkur Þorláksson, listfræðingar auk Silju Aðalsteinsdóttur, rithöfundar. Þátttökugjald 23.000 kr.

### Sumarnámskeið fyrir börn

Þar gefst tækifæri til að mála, teikna og kynnast listamanninum Kjarval

9.–16. og 20.–30. júní

Kl. 9–12, fyrir 6–9 ára

Kl. 13–16, fyrir 10–12 ára

Námskeiðsgjald 16.000 kr. (6 dagar)

eða 23.000 kr. (9 dagar)

Skráning á námskeið og nánari upplýsingar í síma 5901200 eða fraedsludeild@reykjavik.is

## Programme

Guided tour in English every Friday at 2 p.m.

### Mini-workshops for families 1–4 p.m.

Friday 26 February

Saturday 27 February

Saturday 19 March

Saturday 23 April

Saturday 21 May

### Summer Workshops for children

Painting, drawing and learning about the artist Kjarval

June 9th–16th and June 20th – 30th

From 9 to 12 a.m., children age 6–9

From 1 to 4 p.m., children age 10–12

Fee ISK 16.000 (6 days) or ISK 23.000 (9 days)

Registration and more information

tel. 590 1200 and fraedsludeild@reykjavik.is

Guided tours in English upon request.

Please book minimum three days in advance.

Further events will be announced on our webpage.

### Sýningarstjóri/Curator

Ólöf K. Sigurðardóttir

### Hönnuður/Designer

Axel Hallkell Jóhannsson